

Alþingi
Erindi nr. P 127/575
komudagur 8.7.2009

Alþingi

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd

Gautur Sturluson, nefndarritari

Aðalstræti 8 – 10

150 Reykjavík

Reykjavík, 8.júlí 2009

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um hvali

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Félags hrefnuveiðimanna um frumvarp til laga um hvali.

Félag hrefnuveiðimanna(hér eftir FH) hefur tekið saman umsögn vegna fyrrgreinds frumvarps til laga og gerir athugasemdir við eftirfarandi:

1. Í frumvarpinu er ráðherra veitt mjög viðtækt vald til breytinga með reglugerðum. Þannig segir í 5.gr. frumvarpsins að ráðherra sé í einvald sett að breyta ákvæðum sem hann telur nauðsynlegt að breyta vegna alþjóðasamninga. FH telur að slíkt vald sé í einhverjum tilfellum réttlætlegt en að það sé háð mati ráðherra í öllum tilvikum er óviðunandi og telur FH að slíkt verði að fara fyrir Alþingi.
2. Í 6.gr. frumvarpsins er ráðherra veitt einhliða vald til þess að stöðva veiðar, séu þær að hafa neikvæð áhrif á heildarhagsmuni þjóðarinnar. FH telur afar óskynsamlegt að binda slíka ákvörðun við mat ráðherra. Slíkt mat er háð afar mörgum og mismunandi þáttum, bæði huglægum og óhuglægum. Valdheimild sem þessi ætti ekki að koma til nema vegna mjög áþreifanlegra ástæðna. Slík ákvörðun yrði þess valdandi að stöðva viðamikinn atvinnurekstur og gæti jafnvel skapað ríkinu skaðabótaskyldur. Af þeim sökum telur FH að slíkt vald sé einungis unnt að Alþingi hafi með lagasetningu.
3. Ráðherra getur með reglugerð sett hvalveiðum nánari fyrirmæli sbr. 7.gr. frumvarpsins. Bann eða takmörkun á veiðum á ákveðnum svæðum verður að vera innan skynsamlegra marka. FH telur að bann á þeim svæðum sem hvalaskoðun fer fram geti farið út fyrir meðalhóf og því sé skynsamlegra að setja þeim fyrirtækjum sem stunda hvalaskoðun og þeim fyrirtækjum sem stunda hvalveiðar ákveðnar umgegnisreglur. FH hefur á undangengum árum verið við veiðar á hrefnu og virt að öllu leiti aðra atvinnustarfsemi sem fer fram á sömu slóðum. Þær lokanir sem settar voru á ákveðin svæði vegna veiði á árinu 2009 hafa reynst gríðarlega kosnaðarsamar og lent að öllu leiti á öðrum aðilanum, þ.e. veiðimönnum. Verði bann sett á öll þau svæði sem fram á að fara hvalaskoðun getur það eitt og sér gert út af við hrefnuveiðar. FH telur því nauðsynlegt að ráðherra gæti meðalhófs í slíkum aðgerðum og reyni til fulls að ná árangri með öðrum leiðum.
4. Í 8.gr. frumvarpsins er tiltekið að leyfi til hvalveiða skuli gefin út til eins árs í senn. FH telur að leyfi til eins árs geti með engu verið greininni til góðs. Sé ætlun

löggjafavaldsins að byggja upp atvinnugrein til frambúðar er alveg ljóst að þeir aðilar sem leyfi hafa til veiða munu þurfa meiri vissu fyrir sínum rekstri. FH telur eðlilegast að leyfi til veiða verði gefin út ótímabundið á þá aðila sem uppfylla skilyrði til veiðanna. Eftirlit með þeim aðilum verður að tryggja og binda með veiðiskyldu.

5. FH gerir athugasemd við 11. gr. frumvarpsins er varðar veiðigjald.
6. FH gerir alvarlegar athugasemdir er varða niðurfellingu leyfa sem þegar hafa verið gefin út eins og lagt er til í 17.gr. frumvarpsins.

Félag hrefnuveiðimanna óskar eftir því að fá að koma á fund nefndarinnar.

f.h. Félags hrefnuveiðimanna
Gunnar Bergmann Jónsson